



komudagur 30.10.'97

## Lögmannafélag Íslands

### Umsögn um frumvarp til laga um lögmenn.

Lögmannafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn, sem nýlega var lagt fram á Alþingi. Frumvarp þetta hefur áður verið lagt fram á þinginu en á því hafa ekki verið gerðar neinar breytingar sem horfa til bóta á því.

Frá upphafi hefur sú stefna, sem mótuð er í frumvarpinu, um aðild að L.M.F.Í., aga- og eftirlitsvald, öflun málflytningsréttinda, eignarhald á lögmannastofum o.fl., sætt harðri gagnrýni í hópi lögmanna. Þá hefur verið gagnrýnt að í athugasemdum með frumvarpinu sé engin grein gerð fyrir markmiði löggjafarinnar og að ekki sé vikið að hlutverki sjálfstæðrar og óháðrar lögmannastéttar í réttarríkinu. Enga vísbendingu sé þar að finna um að höfundar frumvarpsins hafi skoðað þjóðrættarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins og alþjóðlega réttarþróun og viðhorf um stöðu og hlutverk lögmannastéttarinnar við dómgæsluna í sérhverju landi.

Verður nú vikið í stuttu máli að þeim atriðum í frumvarpinu, sem helst hafa sætt gagnrýni. Fyrst verður þó vikið að aðdraganda að gerð frumvarpsins.

#### Aðdragandi að gerð frumvarpsins.

Dómsmálaráðherra fól réttarfarsnefnd að semja frumvarp til laga um lögmenn á árinu 1994. Réttarfarsnefnd átti tvo fundi með hópi lögmanna seinni hluta árs 1995 og var það liður í undirbúningi að gerð frumvarpsins. Þann 20. janúar 1996 hafði nefndin sett saman drög að frumvarpi, þar sem gert var ráð fyrir áframhaldandi skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands og að aga- og eftirlitsvald yrði áfram innan félagsins. Þá komu fyrir mæli frá dómsmálaráðherra til nefndarinnar um að semja skyldi frumvarp, þar sem gert væri ráð fyrir afnámi skylduaðildar. Varð meirihluti nefndarinnar við beiðni ráðherra en minnihlutinn skilaði séráliti. Eftir þetta tímamark, janúar 1996, hefur ekkert samráð verið haft við L.M.F.Í. eða lögmannastéttina um vinnslu eða efni frumvarpsins.

#### Afstaða réttarfarsnefndar.

Stjórn L.M.F.Í. er kunnugt um að einstaka nefndarmenn réttarfarsnefndar hafi lýst efasemdum um frumvarp dómsmálaráðherra. Einn nefndarmanna skilaði séráliti, sem ekki fylgdi með frumvarpinu. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að sú ákvörðun dómsmálaráðherra, að afnema skylduaðild, hafi mótað mjög tillögurnar í frumvarpinu. Stjórn L.M.F.Í. telur því, að þótt meirihluti réttarfarsnefndar hafi samið frumvarpið í samræmi við óskir ráðherra, sé varhugavert að draga þá ályktun að frumvarpið feli í sér bestu lausnir um nokkur umdeild atriði eða að réttarfarsnefnd telji svo vera.

#### Allt forræði um málefni lögmanna til ráðherra.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum hefur það í för með sér stórfellda tilfærslu á valdi í málefnum lögmannastéttarinnar, frá stéttinni sjálfri til dómsmálaráðherra. Segja má að allt forræði í málefnum stéttarinnar yrði hjá ráðherra og hann hefði nánast óskorað vald um þau málefni. Skulu hér nefnd fáein atriði.

- eftirlit með lögmonnum færast frá stjórn L.M.F.Í. til ráðherra;
- agavald færast til sérstakrar nefndar, sem ráðherra skipar; - engu máli skiptir hvort um er að ræða ágreining lögmannna innbyrðis eða ágreining skjólstæðinga og lögmannna;
- ráðherra hefði úrslitavald um efni siðareglna lögmannna, þ.e. hvað teljist vera góðir lögmannshættir;
- ráðherra veitir einn leyfi til málflyttings;
- ráðherra hefur vald til að svipta lögmennt málflyttingsleyfum sínum.

Ekki er víst að allir átti sig á því hvað þessi tilfærsla og samþjöppun valds í höndum pólitískis kjörins ráðherra þýðir í raun og veru fyrir réttargæsluna í landinu og starfsemi dómstólanna. Af því tilefni telur stjórn L.M.F.Í. nauðsynlegt að gera allsherjarnefnd lítillaga grein fyrir störfum og hlutverki lögmannna.

### **Hlutverk og staða lögmannna.**

Meðal mikilvægustu starfa lögmannna eru störf þeirra að dómsmálum, þ.e. að sækja og verja rétt einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana fyrir dómstólum, í innbyrðis deilum þeirra og deilum við ríkisvaldið að einkarétti. Þá skal sérstaklega bent á hlutverk lögmannna í opinberum málum, sakamálum, þ.e. réttargæslustörf lögmannna og verjendastörf þeirra.

Hlutverk lögmannna að þessu leyti hefur verið talinn órjúfanlegur þáttur í dómgæslunni í landinu. Má í því sambandi vísa í greinargerð dómsmálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, til Mannréttindanefndarinnar í Strasbourg, í kærumálinu nr. 22103/93, þar sem komist er svo að orði: “Starf lögmannna er órjúfanlegur þáttur af dómgæslukerfinu í landinu.” og enn fremur “Lögmennt gegna lykilhlutverki í þeirri starfsemi sem fer fram fyrir dómstólunum.” Þessi orð endurspeglu almenna skoðun, bæði hérlendis sem erlendis, um mikilvægi þáttar lögmannna í réttarkerfinu.

Svo mikilvægur hefur þessi þáttur lögmannna þótt fyrir starfsemi dómstólanna og þróun réttarins, að lögmonnum hefur víða verið veittur einkaréttur til málflyttings fyrir dómstólunum, þ. á m. hér á landi, til þess að tryggja sem greiðasta og öruggasta málsmeðferð og þar með úrlausn ágreiningsmála. Þá má benda á að lögmannastéttin sjálf hefur lagt mjög mikla áherslu á þetta hlutverk sitt. Má í því sambandi benda á að í siðareglum L.M.F.Í. er sérstakur kafli um skyldur lögmannna gagnvart dómstólunum.

Í sakamálunum er sérstaklega mikilvægt að sakborningar geti borið óskorað traust til réttargæslumanna sinna og síðar verjenda, þegar mál eru komin fyrir dómstóla. Sakborningarnir eiga lögum og stjórnarskrá samkvæmt kröfu til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli. Þau viðhorf birtast einnig í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem Ísland hefur gerst aðili að. Í þessum rétti sakborninganna felst að þeir eiga kröfu um að fá aðstoð lögmannna, sem gæta réttar þeirra og hagsmuna gegn kröfum ríkisvaldsins, án afskipta eða þvingunar af hálfu ríkisvaldsins (hér má minna á að hérlendis heyra rannsókn og saksókn í opinberum málum undir dómsmálaráðuneytið, sem færi með aga- og eftirlitsvald með lögmonnum, ef frumvarpið yrði samþykkt).

Það verður að teljast afar óeðlilegt að ráðuneyti lögreglumála og saksóknar í opinberum málum hafi slíkt vald yfir lögmannastéttinni, sem ráðgert er í frumvarpinu. Mikil hætta er á því að sakborningar telji sig ekki fá réttláta málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum

dómstólum ef málsvarar þeirra, lögmennirnir, þurfa að sæta aga- og eftirlitsvaldi dómsmálaráðuneytisins. Réttaröryggið, traust manna á dómskerfinu, biði hnekki af slíku fyrirkomulagi. Sama á að sínu leyti við um málsaðila í deilumálum, einkaréttarlegs eðlis, gegn ríkisvaldinu.

Hér er rétt að nefna að dómsmálum gegn ríkisvaldinu hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Þá eru fjöldamörg kærumál í gangi vegna stjórnvaldsathafna, bæði innan stjórnsýslunnar sjálfrar og til Umboðsmanns Alþingis. Í mörgum þessara málaflokka er dómsmálaráðherra í fyrirsvari.

Með vísun til framangreindra sjónarmiða mótmælir Lögmannafélag Íslands harðlega þeim fyrirætlunum, sem birtast í frumvarpinu, og telur þær til þess fallnar að skerða réttaröryggi landsmanna, draga úr tiltrú almennings á hlutverki og störfum lögmanna og þar með trausti og tiltrú almennings á störfum dómstólanna í landinu.

### **Skylduaðild.**

Að uppfylltum vissum skilyrðum er skylduaðild að L.M.F.Í. fyllilega samrýmanleg félagafrelsisákvæði Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Með skylduaðild er hægt tryggja samræmt aga- og eftirlitsvald með lögmönnum án þess þó að veikja stöðu og sjálfstæði stéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu.

Mótmælt er því, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að því hafi verið haldið fram með vaxandi þunga á undanförunum árum að óhjákvæmilegt sé að afnema skylduaðild að félaginu vegna breyttra viðhorfa hérlendis og erlendis. Í nánast öllum löndum Evrópu og víðar er skylduaðild lögmanna að lögmannafélögum. Viðhorf lögmanna hérlendis er þannig að mikill meirihluti þeirra er fylgjandi skylduaðild, sbr. hér að neðan.

Frumvarp dómsmálaráðherra gerir ráð fyrir afnámi skylduaðildar. Þó virðist lögmönnum gert skylt skv. frumvarpinu að hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélags Íslands. Gert er ráð fyrir lögbundnu hlutverki L.M.F.Í., svo sem að koma fram út á við gagnvart stjórnvöldum og dómstólum fyrir hönd stéttarinnar. Einnig að félagið setji sér siðareglur, sem ráðherra staðfestir. Afnám skylduaðildar þýðir að Lögmannafélag Íslands getur neitað einstaka lögmönnum um félagsaðild eða vikið einstaka félagsmönnum úr því. Þessir lögmenn og aðrir, sem kysu að standa utan félagsins, þyrftu samt sem áður að hlíta forræði félagsins í framangreindum samskiptum og við mótun siðareglna, án þess að hafa sjálfir möguleika til áhrifa, hvort sem er sem einstaklingar eða sem hópur manna í nýju lögmannafélagi. **Slíkt fyrirkomulag kann í sjálfu að skoðast sem brot á jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar.** Frumvarpið felur þannig sjálft í sér alvarlegar þversagnir.

Til viðbótar má nefna að Ábyrgðarsjóður L.M.F.Í. myndi ekki bæta tjón skjólstæðinga lögmanna, sem kynnu að vilja standa utan félagsins eða yrði neitað um inngöngu í það. Stæðu skjólstæðingar þessra lögmanna augljóslega verr að vígi en þeirra, sem væru í félaginu.

Til fróðleiks má nefna að skylduaðild manna að félögum í núgildandi íslenskri löggjöf er ekki óþekkt fyrirbæri, svo sem aðild íbúðareigenda að húsfélögum í fjöleignarhúsum, aðild landeigenda að veiðifélögum og skylduaðild að lífeyrissjóðum.

### **Öflun málflytningsréttinda.**

Núverandi fyrirkomulag um öflun málflytningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands hefur verið harðlega gagnrýnt. Nær gagnrýni þessi jafnframt til tillagna í frumvarpinu um þetta efni. Hæstiréttur Íslands hefur lýst vilja sínum til breytinga og dómsmálaráðuneytið hefur einnig sýnt málinu skilning. Þrátt fyrir það hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á frumvarpinu að þessu leyti.

Að því er öflun málflytningsréttinda fyrir héraðsdómi varðar gera nýlegar breytingar á 7. gr. frumvarpsins það að verkum, að dregið er úr kröfum til þeirra, sem leita eftir málflytningsréttindum fyrir héraðsdómi, með því að fella niður kröfu um tiltekna starfsreynslu. Ekki verður séð í athugasemdum með frumvarpinu hvaða sjónarmið ráða þar ferðinni. Að mati stjórnar L.M.F.Í. er hér um að ræða afturför frá núverandi fyrirkomulagi, sem í sjálfu sér þarfnast lagfæringa við.

### **Eignarhald á lögmannastofum.**

Á öðrum Norðurlöndum og víðar eru lögbundnar takmarkanir á því hverjir megi eiga og reka lögmannastofur. Víðast er sú heimild takmörkuð við lögmennt en sums staðar geta jafnframt starfsmenn á viðkomandi lögmannsstofu átt hluti í þeim. Rökin bak slíkri reglu eru þau að þannig er komið í veg fyrir að aðrir en rétthafar lögmannsréttinda (málflytningsleyfa) geti unnið með og fjallað um málefni þeirra, sem leita eftir lögmannsþjónustu, án þess að vera bundnir þeim skyldum, sem hvíla á lögmonnum sjálfum. Jafnframt er reynt að tryggja með þessu að lögmaður sé ekki settur undir annars konar trúnaðarskyldur en á honum hvíla gagnvart skjólstæðingi. Hér er átt við að lögmaður á stofu, sem ekki er í eigu hans sjálfs eða annars lögmanns, er í vinnuréttarlegu sambandi við vinnuveitanda sinn og þiggur af honum laun fyrir störf sín. Það er ótæk staða fyrir lögmanninn og veikir stöðu hans sem sjálfstæðs og óháðs lögmanns að þurfa að vega og meta hvort hafi meira vægi, trúnaðarskyldan við skjólstæðinginn eða trúnaðarskyldan við vinnuveitandann.

Stjórn L.M.F.Í. telur nauðsynlegt að sambærilegar reglur gildi um þetta efni og á öðrum Norðurlöndum. Minna má einnig á í þessu sambandi að með setningu nýrra laga um löggilta endurskoðendur á síðasta þingi voru settar strangar takmarkanir á því hverjir gætu átt og rekið endurskoðendaskrifstofur.

### **Málagjald: skattur á almenning.**

Lögmannafélag Íslands hefur alla tíð staðið straum af kostnaði vegna lögbundins hlutverks félagsins, þ. á m. vegna aga- og eftirlitshlutverks. Hefur félagið innheimt af félagsmönnum árgjald í þessu skyni, svo og málagjald, sem félagsmenn sjálfir greiða af hverju máli, sem þeir þingfesta fyrir dómstólum landsins.

Með frumvarpi dómsmálaráðherra er ætlunin að taka upp nýjan skatt og kalla hann málagjald. Er þessum skatti ætlað að standa straum af útgjöldum vegna aga- og eftirlitshlutverks ráðuneytisins. Samkvæmt frumvarpinu verða það málsaðilar sjálfir, almenningur og fyrirtæki, sem greiða skattinn. Fyrstu hugmyndir um fjárhæð þessa gjalds voru 300 kr. en í meðförum dómsmálaráðuneytisins nýlega hefur sú tala hækkað í 400 krónur. Óvíst er hvar sú tala endar. Bent er á í því sambandi að áætlun fjármálaráðuneytisins um útgjöld ríkissjóðs er byggð á veikum grunni. Ljóst er að

hvorki dómsmálaráðuneytið né fjármálaráðuneytið átta sig á umfangi þeirra starfa, sem L.M.F.Í. sinnir nú.

#### **Samanburður við önnur lönd.**

Frumvarp dómsmálaráðherra felur í sér veruleg frávík frá því sem tíðkast í nánast öllum ríkjum Evrópu um fyrirkomulag aga- og eftirlitsvalds með lögmönnum og skylduaðild lögmanna að lögmannafélögum. Umsögn þessari fylgir yfirlit um hvernig þessum málum er háttað í flestum löndum Vestur-Evrópu og mörgum svokölluðum nýfrjálsum ríkjum í mið- og austurhluta Evrópu.

#### **Viðhorf lögmanna sjálfra.**

Stjórn L.M.F.Í. fékk Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að kanna viðhorf lögmanna til ýmissa atriða í frumvarpi dómsmálaráðherra og fór könnun þessi fram á síðasta vetri. Niðurstöður könnunarinnar voru afdráttarlaugar að því er varðar tillögur í frumvarpinu um tilflutning aga- og eftirlitsvalds til dómsmálaráðuneytisins og aðild að L.M.F.Í.:

- **yfir 90% lögmanna** leggjast eindregið gegn tilfærslu aga- og eftirlitsvalds til dómsmálaráðuneytisins;
- **um 70% lögmanna** eru fylgjandi skylduaðild.

Allsherjarnefnd hafa áður verið send gögn um þessa viðhorfskönnun.

#### **Tillögur L.M.F.Í.**

Vegna þess hve mikilvægt er að vanda vel til löggjafar um lögmenn og þar sem frumvarp dómsmálaráðherra hefur sætt harðri gagnrýni, lét stjórn L.M.F.Í. semja sérstakt frumvarp til laga um lögmenn. Hefur það frumvarp verið sent nefndarmönnum allsherjarnefndar.

Í frumvarpi L.M.F.Í. er gert ráð fyrir að aga- og eftirlitsvald verði áfram innan félagsins. Eftirlitið yrði áfram í höndum stjórnar L.M.F.Í. en agavald yrði í höndum sérstakrar síðanefndar, sem í ættu sæti 5 menn, þar af 2 utanfélagsmenn. Er hér um að ræða frekari útfærslu hugmyndar, sem stjórn og laganefnd L.M.F.Í. kynntu fyrir allsherjarnefnd í febrúar 1995. Sams konar fyrirkomulag er t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og þykir hafa gefist mjög vel.

Í frumvarpi L.M.F.Í. gert ráð fyrir skylduaðild lögmanna að L.M.F.Í. Félaginu væri hins vegar heimilt að stofna sérstaka deild um þá þætti í starfsemi félagsins, sem ekki lyti að hinu lögboðna, opinbera hlutverki félagsins.

Önnur ákvæði frumvarpsins eru frábrugðin tillögum í frumvarpi dómsmálaráðherra, svo sem um takmarkanir á heimild manna til að eiga og reka lögmannastofur.

Lögmannafélag Íslands telur tillögur þær, sem fram koma í frumvarpinu, geta orðið til þess að eftirtöldum markmiðum verði náð:

a) Að viðhalda sjálfstæði stéttarinnar gagnvart opinberu valdi og treysta stöðu hennar sem órjúfanlegs hluta af dómgæslunni í landinu.

b) Að tryggja samræmt aga- og eftirlitsvald með lögmönnum.


c) Að uppfylla skyldur, sem íslenska ríkið hefur tekið á sig með staðfestingu alþjóðlegra sáttmála um mannréttindi.

**Niðurlag.**

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum og sjónarmiðum leggst Lögmannafélag Íslands eindregið gegn frumvarpi dómsmálaráðherra, í þeim búningi, sem það er í nú. Skorar félagið á Alþingi að láta fara fram endurskoðun á frumvarpinu og að félaginu verði gefinn kostur á að taka þátt í þeirri vinnu.

Stjórn L.M.F.Í. óskar sérstaklega eftir því að fá fund með allsherjarnefnd til að tjá skoðanir sínar og sjónarmið um frumvarpið.

Reykjavík, 29. október 1997



Sigurmar K. Albertsson, hrl.,  
formaður Lögmannafélags Íslands

*Gölin skur birtist í Höfninga- og Bláttíðningi 1996.*

## **Aðild lögmanna að lögmannafélögum innan EES**

Í tilefni af fram komnu frumvarpi til laga um lögmenn, þar sem gert er ráð fyrir afnámi skylduaðildar að L.M.F.Í., hefur því m.a. verið haldið fram að sú stefna sé í samræmi við tíðarandann, að afnema og banna skylduaðild manna að félögum. Þetta kann að sumu leyti að vera rétt, en er þó ekki algilt og a.m.k. að einu leyti er þetta ekki rétt. Þegar skoðuð er staða lögmanna í löndum innan EES að því er félagsaðild varðar, kemur í ljós að **meginreglan er sú að lögmönnum er gert skylt að vera í lögmannafélagi**. Gildir þessi regla í öllum löndum innan EES nema Noregi. Það má því með góðum rökum halda því fram, að sú stefna, sem birtist í frumvarpi til laga um lögmenn, gangi í þveröfuga átt við það sem almennt tíðkast. Ekki verður fjölyrt um ástæður þess að lögmönnum er almennt gert skylt að eiga aðild að lögmannafélagi. **Tengist það fyrst og fremst stöðu þeirra og hlutverki í réttarkerfinu**. Er það ein af þeim grundvallarspurningum, sem lögmenn þurfa nú að velta fyrir sér og reyna að svara, vegna frumvarpsins.

Til þess að gefa lögmönnum nokkra hugmynd um hvernig málum er háttað í löndum EES hef ég tekið saman stutt yfirlit, í hálfgerðum skeytastíl, um stöðuna. Yfirlit það, sem hér birtist, er fengið að mestu leyti úr ritinu Cross Border Practice Compendium, sem er útgefið af útgáfufyrirtækinu LBE (Law Books in Europa - Kluwer Law and Taxation Publishers), í samvinnu við CCBE (Ráð lögmannafélaga í Evrópu).

Í samantekt þessari hefur aðeins verið litið til þess hvernig aðild lögmanna að viðeigandi lögmannafélagi er háttað og hvar eftirlits- og agavald með lögmönnum liggur.

### **Danmörk:**

Skylduaðild að Advokatsamfundet (danska lögmannafélagið).

Eftirlits- og agavald í höndum héraðsdeilda (kredsbestyrelser) að sumu leyti (sem 1. dómstigi í ágreiningsmálum um þóknun lögmanna) en fyrir landið allt starfar síðan síðanefnd (Disiplinærnevnden), sem fjallar um meint brot gegn góðum lögmannsháttum. Nefndin er skipuð 18 mönnum, þar af 9 lögmönnum, 3 dómurum sem forseti Hæstaréttar Danmerkur skipar (formaður nefndarinnar er hæstaréttardómari og varaformennirnir eru í dag Landsréttardómari og héraðsdómari frá Hróarskeldu) og 6 nefndarmönnum, skipuðum af dómsmálaráðuneytinu, sem eiga að vera einhvers konar fulltrúar neytenda og almennings í nefndinni. Við meðferð hvers máls starfar nefndin ýmist öll saman (18 manns) eða í deildum, þar sem 6 nefndarmenn sitja. Minnst helmingur nefndarmanna í hverri deild eru lögmenn. Sá lögmaður, sem kærður er og sætir viðurlögum, getur kært úrskurð síðanefndarinnar beint til Landsréttarins. Virkar nefndin að þessu leyti til sem dómstóll á héraðsdómstigi.

### **Svíþjóð:**

Enginn má kalla sig lögmanna (advokat) nema að vera félagsmaður í sænska lögmannafélaginu (Sveriges Advokatsamfund).

Á vegum sænska lögmannafélagsins starfar 9 manna siðanefnd (disciplinnämnd), skipuð 7 lögmönnum og 2 utanaðkomandi nefndarmönnum. Sumar ákvarðanir nefndarinnar (þ.e. alvarlegustu viðurlögin) eru kæránlegar beint til Högsta Domstolen. Nefndin virkar að þessu leyti til eins og dómstóll á héraðsdómsstigi.

#### **Finnland:**

Sams konar fyrirkomulag og í Svíþjóð, þ.e. að maður verður ekki lögmaður nema fá inngöngu í finnska lögmannafélagið (Finlands Advokatförbund). Skipun og starfsemi siðanefndarinnar er eins og í Svíþjóð.

#### **Noregur:**

Ekki skylduaðild.

Nýlega voru gerðar breytingar á dómstólalögunum í Noregi. Eftir því sem næst verður komist er eftirlits- og agavald að hluta til innan norska lögmannafélagsins (vegna félagsmanna) og að hluta til utan félagsins, á vegum siðanefndar, sem í eiga sæti tveir lögmenn af fimm nefndarmönnum.

#### **Þýskaland:**

Í Þýskalandi er skylduaðild að lögmannafélagi í viðkomandi umdæmi eða landshluta (Rechtsanwaltskammer). Þessi landshluta lögmannafélög mynda síðan lögmannasamtök fyrir sambandslýðveldið, Bundesrechtsanwaltskammer.

Á fyrsta dómsstigi gegna landshluta lögmannafélögin (Rechtsanwaltskammer) því hlutverki að úrskurða um meint brot gegn góðum lögmannsháttum. Niðurstöðum þaðan er hægt að skjóta til sérstaks siðadómstóls fyrir lögmenn. Siðadómstóllinn er í þremur stigum: "Ehrengericht", "Ehrengerichtshof" og "Senat für Anwaltssachen beim Bundesgerichtshof".

Á fyrsta stiginu innan siðadómstólsins (Ehrengericht) sitja einungis lögmenn.

Á næsta stigi (Ehrengerichtshof) sitja fimm í dómi, 3 lögmenn og 2 embættisdómarar. Einn lögmanna er formaður.

Þriðja stigið (Senat für Anwaltssachen beim Bundesgerichtshof), sem nær til alls landsins, er hluti af Hæstarétti Þýskalands. Þar sitja dómarar í meirihluta (4 hæstaréttardómarar og 3 lögmenn).

#### **Holland:**

Skylduaðild er að hollenska lögmannafélaginu, Nederlandse Orde van Advocaten.

Á fyrsta stigi í meðferð kæru- og ágreiningsmála eru lögmenn í meirihluta (6-8) og dómarar í minnihluta (2-3). Á 2. stiginu eru dómarar í meirihluta.



## **Írland:**

Lögfest að forseti "High Court" skipi siðanefnd til að fjalla um meint brot gegn góðum lögmannsháttum. Allir nefndarmenn eru lögmenn (skv. upplýsingum frá 1992 - þá var í gangi umræða um að breyta þessu þannig að þriðjungur nefndarmanna væru leikmenn).

## **Frakkland:**

Skylduaðild að lögmannafélagi í viðkomandi héraði (barreau). Hvert lögmannafélag (stjórn þess - Conseil de l'Ordre - samanstendur af lögmönnum) fjallar um meint brot gegn góðum lögmannsháttum, ýmist að eigin frumkvæði eða vegna kæru frá saksóknara. Viðkomandi lögmaður, sem sætir viðurlögum, eða saksóknarinn, geta kært úrskurðina til áfrýjunardómstóls.

## **England:**

Í Englandi og Wales eru tvær stéttir lögmanna, solicitors og barristers.

### Barristers:

Skylduaðild er að "The General Council of the Bar".

Sérstök nefnd, Professional Conduct Committee, rannsakar mál vegna meintra brota gegn góðum lögmannsháttum og tekur ákvörðun um hvort máli sé skotið til Disiplinary eða Summary Tribunal of the Council of the Inns of Court. Þar sitja 5 persónur, 1 dómari, 3 lögmenn og 1 leikmaður. Niðurstöðum (úrskurðum) þaðan má skjóta til Visitors to the Inns of Court (þar sitja dómarar frá High Court eða áfrýjunardómstóli).

### Solicitors:

The Law Society in England and Wales hefur eftirlit með öllum "solicitors" á Englandi og í Wales. Þó er ekki skylduaðild að félaginu.

Innan félagsins er starfrækt kvörtunardeild (Solicitors' Complaints Bureau), sem hefur mikið sjálfstæði gagnvart félaginu. Niðurstöðu (úrskurð!) þessarar deildar má skjóta til "The Adjudication and Appeals Committee" en þar fjalla 2 lögmenn og 1 ólöglerður um hvert mál.

Hinum alvarlegri málum frá Solicitors' Complaints Bureau (svo sem afturköllun lögmannsréttinda) má skjóta til "The Solicitors Disiplinary Tribunal", sem er óháð lögmannafélaginu og kvörtunardeildinni. Nefndarmenn eru skipaðir af "Master of the Rolls" og þar sitja 22 nefndarmenn, 14 lögmenn og 8 leikmenn. Um hvert mál fjalla 2 lögmenn og 1 leikmaður.

## **Belgía:**

Skylduaðild að viðkomandi landshluta lögmannafélagi. Landshlutafélögin mynda síðan heildarsamtök lögmannafélaga (Ordre National des Avocats de Belgique, Belgische Nationale Orde van Advocaten).

Hvert landshlutfélag hefur eftirlits- og agavald með félagsmönnum sínum. Úrskurðum þess er hægt að skjóta til sérstaks áfrýjunardómstóls, sem fjallar um þessi mál. Um hvert mál fjalla 1 dómari (forseti áfrýjunardómstólsins) og 4 lögmennt.

#### **Austurríki:**

Skylduaðild lögmanna að Rechtsanwaltskammer (alls 9 slík félög). Saman mynda þau Lögmennasamtök Austurríkis, Österreichischer Rechtsanwaltskammertag.

Innan hvers Rechtsanwaltskammer starfar siðanefnd eða ráð. Úrskurðum hennar má skjóta til æðri nefndar (á ensku Supreme Commission of Appeal in Disciplinary Matters), sem 2 lögmennt og 2 dómara skipa. Hvorutveggja nefndin er innan félagsins.

#### **Grikkland:**

Skylduaðild er að landshlutfélagi. Lögmennafélag Apenu (Dikigorikos Syllogos Athinon) hefur einhvers konar stjórnunarhlutverki að gegna vegna sameiginlegra hagsmunamála félaganna.

Hvert landshlutfélag hefur innan sinna vébanda siðanefnd sem fjallar um og úrskurðar í málum um meint brot gegn góðum lögmennsháttum. Niðurstöðum nefndarinnar er hægt að skjóta til almennra dómstóla.

#### **Ítalía:**

Skylduaðild lögmanna að viðeigandi landshlutfélagi.

Stjórn hvers landshlutfélags gegnir jafnframt hlutverki siðanefndar. Niðurstöðum nefndarinnar er hægt að skjóta til æðri siðanefndar í Róm, Consiglio nazionale forense. Ekki er hægt að bera undir almenna dómstóla ágreiningsmál um meint brot gegn góðum lögmennsháttum (nema um meint refsivert athæfi sé að ræða).

#### **Portúgal:**

Skylduaðild að lögmennafélagi.

Á 1. stigi eru það stjórnir landshlutfélaganna sem fjalla um ágreiningsmál um meint brot gegn góðum lögmennsháttum. Þessum úrskurðum er hægt að skjóta til æðri siðanefndar (fyrir landið allt). Engin stofnun utan lögmennasamtakanna fjallar um siðamál.

#### **Spánn:**

Skylduaðild að landshlutfélagi.

Innan hvers landshlutfélags starfar siðanefnd. Úrskurðum hvernar siðanefndar má skjóta til æðri siðanefndar fyrir landið allt, Consejo Superior de la Abogacía. Engin stofnun utan lögmennasamtakanna fjallar um siðamál.

**Kýpur:**

Skylduaðild að lögmannafélagi.

Innan lögmannafélagsins starfar siðanefnd, sem fjallar um meint brot gegn góðum lögmannsháttum.

**Liechtenstein:**

Skylduaðild að lögmannafélagi.

Innan lögmannafélagsins starfar siðanefnd, sem fjallar um meint brot gegn góðum lögmannsháttum. Úrskurðum hennar er hægt að skjóta til æðri réttar (Obergericht).

**Tékkland:**

Skylduaðild skv. nýjum lögum um lögmenn (frá 1996). Siðanefnd innan félagsins fjallar um kærúmál.

**Slóvakía:**

Skylduaðild skv. nýlegum lögum um lögmenn (frá 1990). Siðanefnd innan félagsins fjallar um kærúmál.

**Slóvenía:**

Skylduaðild að lögmannafélagi. Siðanefnd innan félagsins fjallar um kærúmál.

**Ungverjaland:**

Skylduaðild að lögmannafélagi í hverjum landshluta. Innan hvers lögmannafélags er siðanefnd. Úrskurðum hvernar siðanefndar er hægt að áfrýja til siðanefndar, sem tekur til landsins alls.

**Niðurstaða:**

Athygli vekur hve mikil áhersla er lögð á að halda eftirlits- og agavaldi innan stéttarinnar og félaganna sjálfra. Eru þær nefndir, sem fjalla um þessi mál, skipaðar lögmönnum ýmist alveg eða að meirihluta. Þá er einnig athyglisvert hve algenget er að kærueimildir eru til æðri dómstóla, þ.e. úrlausnir nefndanna eru eins konar dómsúrlausnir, svipað og var hér á landi til síðustu áramóta.

MM